

Guðmundur Beck, verkamaður:

Vísur af íslensku auðvaldi fluttar á baráttufundi Stefnu, félags vinstri manna, á Akureyri 1.maí 2015

Kristna sig kalla
klækjarefir
sem klóra til sín
kotungs brauðið
klæði og bólstað.

Heilög er eign
auvalds þjófa,
adeins má
af almúga stela
og arður einungis
til allsnægta renna.

Enn og aftur
einn ganginn
auðvaldsseggir
af örlæti sínu
til alþýðu
útdeila orðsendingum.

Ei skal almúgi
arðs njóta
af amstri sinu.
Skammta skal
sem skít úr hnefa
skarðan hlut launa.

Ef þið aumu
armingjar
út náíð
krónum fáum
í kaup og kjarabætur.

A ykkur sendum
illa ófreskju,
óðaverdbólgu
aftur svo hirðum
alla þénustu þjáðra.

Okkar vegna
öll megið
úti liggja
sár og kvalin
við sult og seyru.

Æðst er ætlan
arðráns liðsins
sem allra flesta
út að reka
á brautu bónbjarga.

Fagna þá sálir
féráns púka,
fitna árar
arðráns díkis
skrattanum er svo skemmt.

Frjálshyggja græðir forheimskan
svo flæðir í nirfils skeppu.
Ágirndar sæðis óvizkan
auðvalds fæðir kreppu.

Alþýðu hendir ólánið
ánauðar leynast duldimar.
Auðvalds kreppu arðránið
almúga réttir skuldirnar.

Auðvaldsseggir ýlfrandi
æða um heiminn slefandi,
hremma bita hróðugir
háma í kjaftinn blóðugir.

Mansal stunda myrðandi,
manna sá1ir kveljandi.
Vé eru engin virðandi
af vörgum ánauð seljandi.

Auðlegð jarðar eyðandi,
öllum gróðri spillandi,
dýrin fáséð deyðandi,
dauðastríðið hyllandi.

Græðgis liðið gínandi
gullið hrifsar logandi,
á sakleysingjum svínandi,
saltið frá þeim takandi.

Hagfræðitrúin heimskandi
heftir vitið vakandi.
Krata villan kvakandi
kæfir skíra hyggjandi.

Auðvaldskórinn illsku flár
afarkostum hótar.
Sedlabanka seppinn Már
í sorahaugnum rótar.

Aumur þar varðist til vista
af vesöld emjandi.
Þvottakonu kapítalista
í kórnum jarmandi.

Vinnandi hendur nú varðstöðu takið
og völdin hrifsið af ræningja lýð.
Med baráttuanda í brjóstinu vakið
svo byltingin verði á okkar tíð.